

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 27. maí 2026

Mál nr. S-547/2024:

**Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra**

(Halldór Tumi Ólason saksóknarfulltrúi)

**gegn**

**X**

(Friðrik Smáráson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 29. apríl sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Norðurlandi eystra 17. desember 2024 gegn X, kt. [...], [...]: „fyrir ofbeldisbrot í nánu sambandi, en til vara líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 24. febrúar 2024, á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð dóttur sinnar, A, kt. [...], með því að ráðast gegn henni þegar hún var að reyna að stöðva deilur hans og eiginkonu ákærða og móður brotþola, á heimili þeirra að [...], slegið hana með flötum lófa í andlitið í tvígang, tekið hana niður í gólf, sparkað í líkama hennar þar sem hún lá á gólfinu og síðan þegar brotþoli stóð upp og reyndi að koma sér undan ákærða greip hann um úlnliði hennar, dró hana til sín, ýtti henni upp við vegg svo hnakki hennar skall í vegginn, tók hana hálstaki, náð henni aftur niður í gólfíð og dró hana eftir gólfinu með því að halda í hettu á hettupeysu sem hún var í. Afleiðingar þessa fyrir brotþola voru að hún hlaut vægan heilahristing, bólgna/sprungna vör, mar og lítið sár við vinstri kinn, blóðhlaupna húð í kringum hægra auga, eymsli í hnakka og bak, mar á og í kringum háls.“

Í ákæru er háttsemin talin varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Við þingfestingu málsins 12. mars 2025 neitaði ákærði sök eins og ákæra er sett fram. Aðalmeðferð í málinu var fyrirhuguð 27. nóvember 2025 en ekki varð af henni vegna veikinda sakflytjanda. Málinu var frestað utan réttar til aðalmeðferðar sem fara skyldi fram 11. mars sl. en degi áður upplýsti fulltrúi ákæruvalds um það að til stæði að leggja fram gögn til viðbótar í málinu. Af hálfu ákærða var framlagningunni mótmælt og var leyst úr ágreiningnum í úrskurði dómstólsins 20. mars sl. Með úrskurði Landsréttar

1. apríl 2026 í máli nr. 235/2026 var úrskurðurinn felldur úr gildi og ákærvaldinu meinað að leggja gögnin fram í málinu. Aðalmeðferð málsins fór fram 29. apríl sl. líkt og áður greinir og það dómtekið að loknum skýrslutökum og munnlegum málflutningi.

Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst ákærði þess að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða.

#### *Helstu málsatvik.*

Samkvæmt frumskýrslu lögreglustjórans á Norðurlandi eystra var lögreglu tilkynnt um hugsanlegt heimilisofbeldi að [...] aðfaranótt 24. febrúar 2024 klukkan 1:16. Þegar lögreglumenn komu á vettvang voru ætlaðir brotapolar í bifreið fyrir utan húsið; vitnið B, sambýliskona ákærða, og börn þeirra, brotapoli A og vitnið C. Af skýrslunni má ráða að á vettvangi hafi rannsókn fljótlega farið að beinast að ofbeldi ákærða í garð brotapola en ekki annarra fjölskyldumeðlima. Ákærði var handtekinn á vettvangi og fluttur [...] til vistunar. Ákærði blés í áfengismæli sem sýndi niðurstöðuna 1,65 prómill. Læknir á bakvakt skoðaði brotapola og taldi við fyrstu skoðun að hún hefði hlotið vægan heilahristing. Ekki var talin þörf á innlögn. Lögreglumenn ræddu við heimilisfólk og tóku ljósmyndir á vettvangi.

Tekin var skýrsla af brotapola, vitninu B og vitninu C um klukkan þrjú um nóttina. Í samantekt framburðar brotapola kemur m.a. fram að hún hafi heyrt rifrildi milli foreldra sinna og gengið á milli. Átök hafi orðið milli brotapola og ákærða og hafi brotapoli slegið ákærða fyrst. Ákærði hafi slegið brotapola til baka í andlit með flötum lófa og hún fallið í gólfið. Brotapoli hafi reynt að verja sig og m.a. sparkað frá sér en ákærði einnig sparkað a.m.k. einu sparki í bak hennar. Ákærði hafi slegið brotapola öðru höggi í andlit með flötum lófa og þá hafi vör brotapola sprungið og blætt úr munn. Á þessum tímamarki hafi móðir brotapola og bróðir hennar reynt að ganga á milli og þau farið út úr húsinu. Brotapoli hafi farið aftur inn í íbúðina og ákærði elt hana, tekið í hana á ganginum, ýtt höfði hennar upp við vegg svo hnakki hennar hafi skolið í vegginn og einnig tekið hana hálstaki með báðum höndum. Ákærði hafi einnig dregið brotapola eftir gólfinu með því að taka í hettuna á peysu hennar.

Í samantekt framburðar vitnisins C kemur m.a. fram að vitnið hafi heyrt foreldra sína rífast. Síðan hafi hann heyrt öskur og þá farið fram til að athuga hvað gengi á. Hafi hann þá séð brotapola blóðuga í andliti og móður þeirra að aðstoða hana við að þrifa sig

inni á baðherbergi. Átökin hafi haldið áfram og hafi vitnið m.a. séð ákærða sparka í brotaþola, grípa í hana og hafi hún verið að reyna að verja sig. Á hljóðupptöku af skýrslutökunni, sem er meðal gagna málsins, er vitnið spurt nánar um það hvernig ákærði hafi gripið í brotaþola. Vitnið svarar því til að það hafi verið „á svona öxlunum“.

Í samantekt framburðar vitnisins B segir að þau ákærði hafi verið að rífast og hann verið ógnandi í hennar garð. Brotaþoli hafi komið til að stíga á milli þeirra og átök brotist út í kjölfarið milli ákærða og brotaþola. Vitnið hafi reynt að stöðva átökin án árangurs og ákveðið að flýja út í bíl með vitnið C. Vitnið hafi ekki orðið vitni að höggum eða spörkum en séð að blætt hafi úr brotaþola á einhverjum tímapunkti.

Fyrir dóminum liggur áverkavottorð D lækni 6. mars 2024. Þar kemur fram að læknirinn hafi verið kallaður út í heimahús eftir heimilisofbeldi. Brotaþoli hafi verið í tilfinningalegu áfalli, tár í augum, með fulla meðvitund og móðir, þ.e. vitnið B, setið hjá henni. Þær hafi báðar greinilega verið felmtri slegnar. Brotaþoli hafi svarað þokkalega en ekki verið sérlega málglöð og virst vör um það sem hún segði. Brotaþoli hafi fengið högg í andlitið vinstra megin með bólgna vör og mar á kinn. Einnig hafi húð verið blóðhlaupin í kringum hægra auga en ekki skýrt hvort það hafi verið eftir högg eða skarpan löðrung að sögn brotaþola. Brotaþoli hafi fyrst vankast eftir högginn en höfuð muni hafa farið utan í vegg. Brotaþola hafi verið svolítið óglatt síðan. Ljósviðbrögð í augum hafi verið eðlileg sem og augnhreyfingar og augnbotnar en sjá hafi mátt rauðleita húð í kringum hægra auga og kinn, blóð eftir blóðnasir og lítið sár á vinstri kinn. Blóðþrýstingur hafi verið 120/80 og púls 87. Einkenni hafi bent til vægs heilahristings en ekkert bent til innankúpublæðingar eða hækkaðs þrýstings. Brotaþola hafi verið boðið að koma næsta dag ef einkenni ógleði væru áfram, vaxandi höfuðverkur eða aðrar breytingar. Læknirinn hafi svo rætt við brotaþola í síma og hafi hún sagt að mar hafi einnig verið á upphandleggjum og í kringum hálsinn en það hafi ekki komið fram við skoðun.

Í lögregluskýrslu 7. mars 2024 er haft eftir brotaþola að hún vilji ekki sérstaklega að málinu verði fram haldið.

#### *Skýrslutökur fyrir dómi.*

Við aðalmeðferð málsins 29. apríl sl. gaf ákærði skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hann muna vel eftir atvikum þrátt fyrir að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Ákærði sagði frá því að brotaþoli hafi gripið um hendur hans og slegið hann utan undir. Brotaþoli hafi

verið afar reið. Ákærði hafi þá rekið henni einn löðrung til baka til þess að ná henni úr því ástandi sem hún hafi verið í en hann neitaði því að hafa slegið brotaþola tvisvar. Þá neitaði ákærði því að hafa tekið brotaþola niður í gólfið og sparkað þar í hana en hún hafi dottið um púða og á tréborð. Ákærði hafi aldrei sparkað í brotaþola. Ákærði kannaðist heldur ekki við þá lýsingu að hafa ýtt brotaþola upp við vegg svo hnakki hennar hafi skolið í vegginn. Um ætlað hálstak sagðist ákærði hafa haldið brotaþola frá sér með báðum höndum og haldið í hálsmál hennar. Hafi brotaþoli jafnframt haldið í hann. Loks neitaði ákærði því að hafa dregið brotaþola um gólfið á hettupeysu hennar.

Áverka brotaþola taldi ákærði mega skýra með því falli sem áður er greint frá. Brotaþoli hafi verið „dettandi um allt“. Spurður um blóð sem sést á ljósmyndum af vettvangi kvaðst ákærði ekki vita úr hverjum það hafi verið. Hann hafi verið með sprungna vör og brotaþoli líka.

Ákærði neitaði því að ástand sem þetta væri oft á heimilinu. Greindi hann frá því að eftir atvikið hafi hann leitað sér aðstoðar og m.a. sótt viðtöl hjá sálfræðingi. Fjölskyldan hafi unnið að bættum samskiptum og gangi sú vinna vel. Samskipti ákærða og brotaþola séu góð og tengsl þeirra nánin. Loks skýrði ákærði frá veikindum sínum sem óþarft þykir að gera sérstaklega grein fyrir hér.

Brotaþoli kom fyrir dóminn og skoraðist undan því að gefa skýrslu á grundvelli b-liðar 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Vitnið C skoraðist einnig undan því að gefa skýrslu með vísan til sama staflíðar. Þá skoraðist vitnið B undan því að gefa skýrslu fyrir dómi á grundvelli a-liðar málsgreinarinnar.

D læknir gaf skýrslu fyrir dóminum og sagði frá vitjun sinni að [...] umrædda nótt. Merki hafi verið um heilahristing hjá brotaþola en engin ummerki um blæðingu í heila eða slíkt. Brotaþoli hafi verið með fulla meðvitund og getað rætt málin en greinilega verið eftir sig. Ekki hafi verið um alvarlegan heilahristing að ræða en tiltölulega þungt högg þurfi þó til, þ.e. höfuðið þurfi að kastast til. Þegar vitnið var spurt um það hvort það hefði séð áverka á hálsi brotaþola kvaðst vitnið muna að það hafi séð roða, ekki þó eins og eftir kyrkingartak, heldur frekar eins og eftir högg.

#### *Forsendur og niðurstöður.*

Ákærða er í málinu gefið að sök brot í nánú sambandi en til vara líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 24. febrúar 2024 ógnað lífi, heilsu og velferð brotaþola, dóttur ákærða, á alvarlegan hátt eins og nánar greinir í ákæru. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um

meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu. Verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. sömu laga. Við mat á því hvað telst sannað í málinu verður að líta til þess að brotaþoli, vitnið B og vitnið C hafa skorast undan því að gefa skýrslu fyrir dómi á grundvelli tengsla við ákærða, sbr. 117. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Í 2. og 3. mgr. 111. gr. eru gerðar undantekningar frá þessari meginreglu þegar sérstaklega stendur á. Í 3. mgr. kemur fram að hafi vitni ekki komið fyrir dóm og þess sé ekki kostur við meðferð máls, en skýrsla hafi verið gefin hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum á meðan málið var til rannsóknar, meti dómari hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og hvert það skuli vera. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögum nr. 88/2008 kemur fram að Hæstiréttur hafi litið svo á að orðalagið „þess er ekki kostur“ geti m.a. tekið til þess þegar vitni neitar að gefa skýrslu fyrir dómi samkvæmt 117. gr. frumvarpsins. Framburður vitnis sem gefið hefur skýrslu hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum án þess að það hafi komið síðar fyrir dóm hafi þó sjaldnast jafnríkt sönnunargildi og ella væri. Í því efni skipti m.a. máli hvort skýrsla vitnis hafi verið tekin á myndband eða mynddisk, svo og hvort verjandi hafi verið viðstaddur skýrslutöku.

Samkvæmt framangreindu verður að líta svo á að ekki hafi verið kostur á því að fá brotaþola og vitnin B og C fyrir dóm við meðferð málsins, sbr. 3. mgr. 111. gr. sömu laga, og þarf dómurinn því að meta sönnunargildi framburðar þeirra hjá lögreglu.

Eftir að lögreglumenn komu á vettvang ræddu þeir við brotaþola og vitnin B og C og liggja fyrir upptökum af samtölunum úr búkmyndavélum lögreglumannanna. Af upptökunum verður ekki séð að brotaþola og vitnum hafi verið kynntur réttur sinn til að skorast undan því að gefa vitnaskýrslu, sbr. 2. mgr. 65. gr., sbr. 117. gr. laga nr. 88/2008, eða þau upplýst um aðrar reglur um vitnaskyldu og vitnaábyrgð, sbr. VIII. kafla laganna. Hafa þessi samtöl því ekki þýðingu við mat á sekt ákærða. Brotaþoli og vitnin B og C gáfu hins vegar skýrslu síðar um nóttina og var fyrir mæla framangreindra lagaákvæða þá gætt.

Ákærða og brotaþola ber saman um það að brotaþoli hafi reiðst ákærða vegna þræta hans við vitnið B. Framburður ákærða fyrir dómi og brotaþola fyrir lögreglu er jafnframt samhljóða um það að brotaþoli hafi átt upptökin að líkamlegum átökum með því að reka

ákærða löðrung. Nokkur óvissa ríkir um atburðarásina eftir þetta en brotaþoli greindi frá því í skýrslu sinni hjá lögreglu að hún ætti erfitt með að átta sig á því í hvaða röð atvik gerðust. Þá veikir ölvunarstig ákærða framburð hans að sama skapi. Ákærði hefur gengist við því að hafa slegið brotaþola að minnsta kosti einu sinni og sýna gögn málsins að það gerði hann með nægjanlegu afli til þess að vör brotaþola sprakk og blæddi frá munni hennar. Leggja verður til grundvallar að átök ákærða og brotaþola hafi leitt til þess að brotaþoli hafi fallið aftur fyrir sig og hún síðan reynt að sparka til ákærða. Enda þótt brotaþoli og vitnið C hafi bæði borið hjá lögreglu að ákærði hafi sparkað í brotaþola á móti samrýmist sá framburður ekki öðrum gögnum málsins, t.d. áverkavottorði eða ljósmyndum af áverkum brotaþola. Er því ekki komin fram sönnun sem hafin verður yfir skynsamlegan vafa um þetta atriði í ákæru gegn eindreginni neitun ákærða. Þá liggja ekki fyrir gögn sem geta staðfest að ákærði hafi dregið brotaþola um gólfíð á peysu hennar.

Í skýrslu brotaþola hjá lögreglu er því hins vegar skýrlega lýst að ákærði hafi ýtt henni upp við vegg þannig að höfuð hennar hafi skollið í vegginn. Telur dómurinn framburðinn trúverðugan og í samræmi við önnur gögn málsins en samkvæmt læknisvottorði vakthafandi læknis greindi brotaþoli lækninum frá því á vettvangi að höfuð hennar hafi farið utan í vegg. Telur dómurinn yfirgnæfandi líkur á því að þetta högg hafi leitt til heilahristingsins sem brotaþoli varð fyrir og skýrt er frá í vottorðinu. Þá er ekki útilokað að sama högg hafi getað valdið þeim roða á hálsi brotaþola sem sést á ljósmyndum sem teknar voru af brotaþola og lagðar hafa verið fram í málinu. Í vottorðinu kemur fram að mar á hálsi hafi ekki sést við skoðun en í framburði sama læknis fyrir dómi taldi hann sig muna eftir því og það frekar virst vera eftir högg en kyrkingartak. Þá sagði vitnið C hjá lögreglu að ákærði hafi haldið brotaþola „á öxlunum“. Er því ekki komin fram lögfull sönnun þess að ákærði hafi tekið brotaþola hálstaki umrætt sinn gegn eindreginni neitun ákærða.

Ákvæði 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum var innleitt með 4. laga nr. 23/2016. Í athugasemdum við þá grein í frumvarpi því er varð að lögum nr. 23/2016 segir orðrétt: „Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins er það gert að skilyrði að háttsemi sé endurtekin eða alvarleg svo hún verði refsiverð samkvæmt ákvæðinu. Með því að háttsemi sé endurtekin er vísað til þess að hún hafi staðið yfir í lengri eða skemmri tíma þannig að telja megj að viðvarandi ógnarástand hafi skapast. Þó er ekki útilokað að einstakt brot geti fallið undir ákvæðið ef það nær tilteknu alvarleikastigi. Minni háttar

brot sem ekki ná því stigi gætu eftir sem áður varðað við vægari refsíákvæði eins og 1. mgr. 217. gr. laganna.“

Ákærði er ekki ákærður fyrir endurtekna háttsemi í málinu heldur mun atburðarásin hafa tekið skamman tíma. Við mat á alvarleika háttsemi ákærða þykir verða að líta til þess að gögn málsins sýna að um átök milli ákærða og brotþola var að ræða og átti brotþoli upptökin að líkamlegu ofbeldi með því að reka ákærða löðrung. Þá lýsti brotþoli frekari tilraunum sínum til að koma höggum og spörkum á ákærða á meðan átök þeirra stóðu yfir. Hins vegar telur dómurinn, einkum með hliðsjón af aflsmunum ákærða og brotþola og áverkum brotþola, viðbrögð ákærða úr öllu hófi. Að virtu heildarmati á atvikum og aðstæðum þykir háttsemi ákærða réttilega heimfærð til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

#### *Ákvörðun refsingar, sakarkostnaður o.fl.*

Ákærði hefur í málinu verið sakfelldur fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði er fæddur [...] og hefur fyrri sakaferill ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu. Þá hefur ákærði lýst því fyrir dóminum að hann hafi leitað sér aðstoðar sálfræðings og horfi samskipti hans og brotþola til betri vegar. Til refsipýngingar horfir hins vegar að brot ákærða beindist að dóttur hans á heimili þeirra í viðurvist annarra fjölskyldumeðlima.

Að öllu framangreindu virtu og með vísan til 1., 2., 3., 5., 6., 7. og 8. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, 3. mgr. sömu lagagreinar auk 3. mgr. 218. gr. c sömu laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála og niðurstöðu um heimfærslu til lagaákvæða og sýknu ákærða af hluta þeirrar háttsemi sem hann var ákærður fyrir þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu  $\frac{3}{4}$  hluta sakarkostnaðar. Þar með talin eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Friðriks Smárásonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 1.546.125 krónur og málsvarnarlaun Sunnu Axelsdóttur lögmanns, sem gætti hagsmuna ákærða á upphafsstigum málsmeðferðar fyrir dómi, 184.140 krónur. Í báðum tilvikum hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærði greiði því samtals 1.297.699 krónur en 432.566 krónur greiðast úr ríkissjóði. Ekki féll til annar sakarkostnaður vegna meðferðar málsins fyrir dómi.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Halldór Tumi Ólason saksóknarfulltrúi.

Oddur Þorri Viðarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómara var falið málið til afgreiðslu með bréfi dómstólasýslunnar 18. júní 2025 en hann hafði fram til þess tíma engin afskipti af meðferð þess.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði  $\frac{3}{4}$  hluta málsvarnarlauna skipaðra verjenda sinna, Friðriks Smárásonar lögmanns og Sunnu Axelsdóttur lögmanns, samtals 1.297.699 krónur, en 432.566 krónur greiðist úr ríkissjóði.